

MENNING
LISTIR



PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 18. FEBRÚAR 1989

BLAÐ **B**


Ásgerður Búadóttir

sýnir í Galleríi Borg. Guðrún Guðlaugsdóttir ræðir við hana í blaðinu í dag.



Úr tónlistarlífinu

Rætt við Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld um Jón Leifs. Rætt við Þorstein Gauta Sigurðsson píanóleikara vegna tónleika á vegum EPTA í Íslensku óperunni.



Myndlist

Pjetur Hafstein Lárusson skrifar pistil um íslenskar myndlistarsýningar í Stokk-hólmi.



Meffí

Vendipunktur í íslenskri kvikmyndagerð?

Nú finnst mér ég hvergi geta unnið nema hér

Rætt við Ásgerði Búadóttur listvefnaðarkonu

Ögurstund er fallett og tilkomumikið orð. Það merkir, samkvæmt íslenski orðabók Menningarsjóðs, þann tíma sem eitt sjávarfall stendur yfir. Því aðeins get ég þessa hér að Ásgerður Búadóttir listvefnaðarkona hefur ofið þrjár myndir sem sem heita Ögurstund I, Ögurstund II og Ögurstund III. Myndir þessar verða á sýningu, sem opnuð var í Gallerí Borg þann 16. febrúar sl., ásamt með nokkrum öðrum verkum listakonunnar.

Ég heimsótti Ásgerði Búadóttur á fimmtudagsmorgni í byrjun febrúar, þegar enn einu óveðrinu var tekið að slota og snjórin var orðinn aumleg mynd af því sem áður var. Hlýndi utan úr heimi voru þennan umrædda morgun sem óðast að umbreyta köldum og þóttalegum snjódyngjum í vatnssveig á götum og svargráar þústir á gangstéttarbrúnum. „Allt á sitt upphaf og sinn endi,“ hugsa ég um leið og ég hringi dyrbjöllunni. „Kannski gegnir öðru máli með listina, hún er löng, segir einhvers staðar. Líklega endist myndvefnaðurinn hennar Ásgerðar Búadóttur mun lengur en öll snjóalög Íslands, nema þá að hann keppi við jökla.“ Þessari samlíkingu velti ég fyrir mér í hálfkæringi þegar ég skoða fyrstu myndina sem blasir við mér þegar inn í vinnustofu Ásgerðar er komið, stóra og glæsilega mynd sem ber nafnið Norðrið og er í hvítum og bláum grunnlitum. Þessi samlíking mín reynist ekki alveg út í hött, það sé ég þegar Ásgerður sýnir mér nokkrar myndir af verkum sínum og ýmsu þeim tengdum. Á einni myndinni situr Ásgerður og virðir fyrir sér snævipakin Íslandsfjöll undir ljósbláum himni. Þegar sú mynd var tekin var Ásgerður einmitt að vinna að hugmynd sem hún birtir okkur svo í þessari mynd, Norðrið.

Gengið með sjó

„Á þessari sýningu sem ég held nú á Gallerí Borg eru flest verkin orðin til fyrir bein náttúruáhrif,“ segir Ásgerður. „Yfirskrift nokkurra þessara verka er „Gengið með sjó“. Þannig var það líka nákvæmlega. Ég gekk í nokkur skipti við ströndina hjá Gróttu í vor sem leið og ég fékk í öll skiptin næstum sama veðrið, afskaplega fallett veður. Það var stafalogn og himinn og haf runnu út í eitt, í ljósblátt — og það var mikil þögn. Ut frá þessum áhrifum vann ég verkin sem ég kalla Ögurstundir. Ég hef afar sjaldan unnið með eins ljósa liti og ég nota í þeim myndum. Ég er ekki viss um að ég hefði notað slíka liti nema vegna þeirra áhrifa sem ég varð þarna fyrir. Mér finnst ekki alltaf rétt að gefa verkum nöfn sem ákveða fyrir fólk hvaða áhrifum það á að verða fyrir. En í þessu tilviki fannst mér ég endilega þurfa að gefa verkunum nöfn sem vísuðu til þeirra áhrifa sem ég varð þarna fyrir.“

Á veggjum vinnustofu Ásgerðar hanga líka myndir úr dökkri ull ásamt með hvítu og gráu ívafi og ryðrauðum lit sem Ásgerður segir mér að tákni eldinn sem ævinlega er okkur Íslendingum nálægur. Hún kallar þetta jarðliti og segir mér að fyrir sér séu þetta litir landsins.


Með ullinni vefur hún hrosshár, stundum þykka brúska, sem oftast en ekki eru á miðri mynd og nánast ögra fólk til að strjúka sig, hafa svipuð áhrif og reistur makki hests sem vindur ópolinmóður til höfðinu og sveiflar faxinu. Ég læt eftir mér að strjúka hrosshárið og ímynda mér heitan flipa hestsins. En svo kemur hönd mín við ullina og á samri stundu beinist hugur minn að fjallshlíðum þar sem kindur eru á ferli milli grárra steina og vaða í tærum lækjum. Allt þetta og raunar miklu fleira sé ég fyrir mér þegar ég skoða verkin hennar Ásgerðar Búadóttur í vinnustofu hennar, þar sem rósemd hins fábrotna yfirlætisleysis ræður ríkjum og hugurinn hefur ráðrúm til þess að fara víða.

„Ég hef aldrei „lært“ að vefa,“ segir Ásgerður. „Ég fór í þetta hefðbundna myndlistarnám. Fór í Myndlista- og handíðaskólann, þar sem ég lærði að teikna mannslíkamann, nakinn sem í fötum, og fleira og fleira. Þaðan fór ég í Konunglega akademíu í Kaupmannahöfn. Þar voru máluð módel og fyrirmyndir. Það var ekki fyrr en ég kom heim sem ég fór að víða að mér þeirri þekkingu sem þurfti til að vefa. Það kom smátt og smátt og oftlega var ég í vandræðum. En ég held samt að þessi leið hafi verið mér mjög holl.“ Ég spyr Ás-

gerði af hverju hún hafi farið að vefa. „Ég man eftir því að þegar ég fór að kveðja Kurt Zier, kennara minn og seinna skólastjóra, og fá hjá honum umsögn sagði hann við mig: „Hefurðu nokkuð hugleitt að fara í vefnað.“ Ég vissi þá bókstaflega varla hvað það var og hafði engan áhuga á neinu slíku. En það var þó mjög snemma sem ég fann til efasemda um að málverkið væri



Ásgerður Búadóttir




Ögurstund

minn rétti miðill. Ég var því mörg ár að fíkra mig áfram á þessari leið.

„Tenning“

Á fyrirhugaðri sýningu Ásgerðar eru sýndar níu öfnar myndir. „Ég notaði töluvert við gerð þeirra vefnaðaraðferð sem kölluð er því fallega nafni „tenning“. Ég hélt lengi vel



Norðrið

að þetta væri séríslensk aðferð en við nánari athugun komst ég að því að svo er ekki. Ég sá einu sinni litla pjötlu unna með þessari aðferð í byggðasafninu á Hnjóti í Örylgs- höfn og nokkru seinna sá ég á Metropolitan-safninu í New York, í Inka-deildinni þar, sömuleiðis litla pjötlu, ofna með þessari umræddu aðferð. Þessi aðferð hreif mig, mér finnst þetta sterk vefnaðarleg áferð sem ég vil gjarnan halda mig við. Öll verkin á sýningunni eru unnin að einhverju leyti með tenningsvefnaði.

Ásgerður gat þess að þegar hún ynni verkefni sem henni væru fengin þá ynni hún öðruvísi en þegar hún veldi sér verkefni sjálf. „Þá tek ég tillit til þess umhverfis sem verkið á að vera í og vinn þar af leiðandi innan viss ramma,“ segir Ásgerður. „Síðasta verkefni af slíktu tagi sem ég hef unnið er fyrir Fjölbrotaskóla Suðurnesja og er það kostað af Listskreytingasjóði ríkisins. Þó einkennilegt megir virðast þá skapa slíkar skorður, sem t.d. væntanlegt umhverfi verks, vissst öryggi, þá eru fyrir hendi svo margir þættir sem vísa manni veginn. Það er gott og hollt af og til að þurfa að takast á við slíkar skorður, en vinna ekki alltaf frjálst eins og ég yfirleitt geri, í því er ákveðin ögun fólgin.“

Skammdegíð er minn góði tími

Í samtali okkar Ásgerðar kemur fram að hún telur sig vera fremur spara á liti í sínum vefnaði. Brúnt, hvítt, grátt og svart notar hún mikið og kallar „liti landsins“. Blátt og

rautt notar hún talsvert og litar þá ullina sjálf. Grænt notar hún hins vegar nánast aldrei. Ásgerður leggur áherslu á að fyrir henni sé efnið þó ekki aðalatriðið, heldur hvernig það sé notað til túlkunar hugmynda, til myndsköpunar. „Ullin er fyrir mér það efni og sá miðill sem olíulitir eru málaranum eða steinninn myndhöggvaranum. Hugmyndir og áhrif felli ég að eðli vefsins á óhlutbundinn hátt,“ segir Ásgerður. Hún segist verða fyrir töluverðum áhrifum af landinu og getur þess að hennar besti tími til að vinna sé á veturna. „Ég hef heyrt marga tala um að þeir séu lélegir til vinnu í skammdeginu. Það er hins vegar minn góði tími,“ segir Ásgerður. „Auðvitað vinn ég í annan tíma líka. Ég sit yfirleitt vel við þegar ég er með eitthvað í vefstólum, en ég verð að sætta mig við að hugur minn fer mun hraðar en hendurnar, vefnaðurinn tekur langan tíma. En þó ég uni alla jafna vel við þá einangrun sem við Íslendingar búum óneitanlega við, þá er það svo, að þegar fer að vora og birta finnst mér ég þurfa breytingu og það kemur í mig viss útþrá. Þá þarf ég að fara og sjá list. Þá langar mig að fara út í heim og sjá listasöfn og fara í kirkjur. Ég þarf ekki að vera lengi, en þetta er mér nánast lífsnauðsyn, slíkar ferðir eru mér andleg næring. En hugmyndir að verkum mínum fæ ég á Íslandi og hér vil ég vinna úr þeim. Áður fyrr sagði ég stundum að ég vildi eiga heima alls staðar annars staðar en á Íslandi, en þetta hefur breyst, síðustu árin þá finnst mér ég hvergi geta unnið nema hér.“

Texti: Guðrún Guðlaugsdóttir



Morgunblaðið/Júlíus

Þessi unnu í undirbúningsnefndinni síðustu mánuði, f. v. Sigurgeir Þorgrímsson, Guðjón Heiðar Hauks- son, Kristín Jóhannesdóttir, Guðbrandur Gíslason, Guðbrandur Örn Arnarson, Þorkell Sigurður Hardar- son og Guðmundur Karl Björnsson.

— Hvar verða myndirnar sýndar og hvenær?

„Þær verða sýndar í Regnbogan- um og þar verða félagsskrteini til sölu í miðasölunni. Við gerum ráð fyrir að hver mynd verði sýnd fyrst á fimmtudagskvöldum, klukkan 21.00 og 23.00 og á laugardögum, klukkan 15.00, alls þrjár sýningar.“

— Er ekki dýrt að kaupa þessar myndir hingað bara til að sýna þær þrisvar?

„Jú, en dreifingarmálin eru mjög flókin og í sumum tilfellum höfum við þurft að hafa samband beint við rétthafana. En frönsku myndirnar hafa fengist fyrir tilstuðlan franska sendiráðsins, sem er mjög rausnarlegt hjá þeim. Við áttum

þess kost að fá fleiri þýskar kvik- myndir, en aðeins 16 millimetra filmur. Við höfum það hinsvegar fyrir prinsíp að sýna þær í upphaf- legu formati, á 35 millimetra film- um. En það er oft erfitt fyrir svona klúbba að ná í 35 millimetra filmur á góðum kjörum. Það sýndi sig þegar við fórum að leita að kvik- myndum. Flutningurinn á þeim er

mjög dýr, miklu dýrari en á 16 millimetra filmum og það er erfið- ara að ná í eintökin.

Það er geysilega erfitt og tíma- frekt að finna réttu samböndin — og þetta áhugafólk sem hefur unn- ið undirbúningsvinnuna hefur skilað ótrúlegri vinnu í þeim umleitunum og allri skipulagningu. Og nú þegar er verið að hefjast handa um að leita að myndum fyrir dagskrána í haust — og undirbúa hana.“

Alls eru níu kvikmyndir á dag- skrá Kvikmyndaklúbbs Íslands fram á vorið. Sem fyrr segir er fyrsta sýningin í dag; Vettvangur glæps í leikstjórn André Techiné. Myndin fjallar um ungan dreng sem býr með móður sinni fráskilinni. Hann ber ekki mikla virðingu fyrir hinum fjarlæga föður, leiðist dekur ömmu sinnar, nær ekki sambandi við heyrnarlausan afa sinn og á í erfiðu ástríðusambandi við móður sína. Þegar afbrotamaður ræðst svo inn í líf þeirra einn góðan veðurdag heillast drengurinn af ímynd og lífi þessa manns og á það eftir að hafa

afdrifaríkar afleiðingar, bæði fyrir drenginn og móðurina.“

Næsta kvikmynd sem sýnd verður á vegum klúbbsins er grísk/franska myndin Býflugna- böndinn, í leikstjórn Theo Ange- lopoulos, þá vestur-þýska myndin Karlmann, í leikstjórn Doris Dörrie. Þann 6. mars er stefnt að því að sýna frönsku kvikmyndina Núll í hegðun, í leikstjórn Jean Vigo, en að sögn Guðmundar Karls er það ekki alveg frágengið mál. Þá er Tryllti Pierrot á dagskrá, en hún er í leikstjórn Jean-Luc Godard, síðan Rosa Luxemburg í leikstjórn Marg- arethe von Trotta og franska myndin Ástfangna konan, í leikstjórn Jacques Doillon er á dagskrá 23. mars. Francois Truffaut á eina mynd á dagskrá klúbbsins á vordög- um, því 30. mars verður Jules et Jim sýnd. Síðasta myndin að þessu sinni verður svo frá Sovétríkjunum, en það er Bardagafleytan Potemk- in, í leikstjórn Sergei Eisensteins.